



Reykjavík, 15. des. 2021

Rangárþing ytra  
Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri (agust@ry.is)  
Suðurlandsvegi 1–3  
850 Hellu

## Vegna fornleifarannsókna í Arfabót á Mýrdalssandi

Ágæti Ágúst.

Undirritaður hefur staðið að fornleifarannsókn í Arfabót á Mýrdalssandi síðan 2012 fram á þennan dag með hléum árin 2013–16. Upphaflega var það Þórður Tómasson sem bað mig um að rannsaka rúst við bæinn sem hann taldi vera kirkju. Niðurstaðan úr þeiri rannsókn gat ekki sýnt fram á að um kirkju hafi verið að ræða, hvorki sannað né afsannað. Síðar var ákveðið að hefja þar rannsóknir á ný með hvatningu og stuðningi frá Skógasafni sem bæði lagði til fjármagn og laun eins starfsmanns safnsins og styrk úr Fornminjasjóði og styrk frá Skaftárhreppi. Á síðustu árum hefur þó dregið úr fjárstuðningi safnsins og hann nú horfinn allur fyrir utan laun starfsmanns safnsins sem tekur þátt í rannsóknunum. Því sæki ég nú um styrki til allra rekstraraðila Skógasafns til að standa straum af fæðis- og gistikosnaði og leigu á vélgröfu á meðan á rannsókn stendur. Áætlaður kostnaður vegna þessara þátta er um 1,5 milljónir króna.

Áætlað er að byrja rannsóknirnar þann 1. júlí næstkomandi og að þær standi yfir í fjórar vikur (hafa í raun staðið yfir í tvær vikur síðastliðin sumur vegna minni styrkja en sótt hefur verið um). Fjöldi þátttakenda verður á bilinu fimm til átta, fornleifafræðingar og stúdentar. Verkið er unnið í samvinnu við Skógasafn, próf. Þorvald Þórðarson eldfjallafræðing, dr. Ólaf Eggertsson viðarfræðing og Náttúruminjasafn Íslands.

Skýrsla (í lítilli upplausn) um rannsóknirnar síðastliðið sumar fylgir bréfi þessu og sjálft bréfið verður einnig sent með pósti. Ef óskað er eftir betri upplausn og/eða öllum skýrslum hingað til verða þær sendar rafrænt.

Með vinsemdu og virðingu,

Dr. Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur  
Fornleifafræðistofunn.

